



Alþýðusamband Íslands

Verkalýðsfélag Akraness
b.t. Vilhjálms Birgissonar
Sunnubraut 13
300 Akranesi.

Reykjavík 20.6 2018.

Það staðfestist hér með, að Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) bárust til staðfestingar þann 2.mai 2014, breytingar á lögum Verkalýðsfélags Akraness (VLFA) frá 15.apríl 2014. Ástæða þeirra breytinga var sú, að sveitarfélög í Hvalfirði höfðu þá sameinast í eitt sveitarfélag, Hvalfjarðarsveit. Hluti þessara sveitarfélaga voru á félagssvæði VLFA. Samkvæmt 2.gr. laga nr. 80/1938 skulu félagssvæði stéttarfélaga taka til heilla sveitarfélaga en ekki hluta þeirra. Af þeim ástæðum breytti VLFA lögum sínum þannig að út úr lögum þess féllu nöfn eldri hreppa og inn kom sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit. Lagabreyting þessi var staðfest í miðstjórn ASÍ 17.september 2014. Frá og með þeim degi tekur félagssvæði VLFA til þeirra starfa sem unnin eru á samningssviði félagsins í Hvalfjarðarsveit. Þessum hluta af félagssvæði sínu deilir VLFA með Stéttarfélagi Vesturlands. Við þær aðstæður ráða starfsmenn á samningssviðum félaganna í Hvalfjarðarsveit sem vinna skv. almennum kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands sem endurnýjaður var 1.mai 2015, og sem bæði félögin eiga aðild að, hvoru félaginu þeir kjósa að eiga aðild að. Samningur SGS er gerður við Samtök atvinnulífsins og bindur skv. efni sínu öll aðildarfyrirtæki þeirra með starfssemi á samningssviði SGS í Hvalfjarðarsveit, þ.m.t. hvað félags- og samningssvæði einstakra stéttarfélaga varðar. Að gefnu tilefni skal tekið fram, að skv. 4.gr. laga nr. 80/1938 er atvinnurekendum óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttarfélögum.

Virðingarfyllt,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Hvalur hf.
Kristján Loftsson
Miðsandi
301 Akranes.

Reykjavík, 20. júní 2018.

Efni: Krafa Hvals hf. um að starfsmenn verði í öðru stéttarfélagi en Verkalýðsfélagi Akraness.

Umbjóðanda mínum, Verkalýðsfélagi Akraness, hefur verið tilkynnt um að Hvalur hf. geri þá kröfu til starfsmanna sinna og skilyrði fyrir starfi að starfsmennirnir séu í Stéttarfélagi Vesturlands eða a.m.k. ekki í Verkalýðsfélagi Akraness.


Slík krafa af hálfu Hvals hf. er ólögmet enda bæði í andstöðu við félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar og lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Verkalýðsfélag Akraness krefst þess að Hvalur hf. láti tafarlaust af framangreindum kröfum og skilyrðum til starfsmanna sinna, bæði núverandi og væntanlegra starfsmanna sem eru að hefja störf á komandi hvalvertíð.

Þess er vænst að staðfesting berist tafarlaust frá Hval hf. um að látið verði af framangreindum kröfum/skilyrðum og að Hvalur hf. staðfesti að engar kröfur verði gerðar til starfsmanna um að vera í öðru stéttarfélagi en Verkalýðsfélagi Akraness.

Berist slík staðfesting ekki mun Verkalýðsfélag Akraness beita öllum tiltækum úrræðum til þess að gæta réttinda félagsins og félagsmanna sinna.

Virðingarfyllst


Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður

Afrit:

Skrifstofa Hvals Reykjavíkurvegi 48, 220 Hafnarfirði.

Juris lögmannsstofa, Stefán A. Svensson lögmaður.